

Viðhengi 2 með Menntahvöt


Sviðsmyndir um framtíð Suðurlands
Niðurstaða vinnufunda ungmenna á Suðurlandi um menntun,
atvinnu, samfélag og innviði til framtíðar

MENNTA
HVÖT 

MENNTA
HVÖT 

MENNTA
HVÖT 

MENNTA
HVÖT 

The background features a pattern of various geometric shapes in orange and green, including circles, triangles, and wavy lines, some solid and some dashed. A solid orange diagonal band runs from the bottom left towards the top right.

Könnun á áhuga ungmenna á námi á Suðurlandi

MENNTA
HVÖT 

Könnun á áhuga ungmenna á námi á Suðurlandi:

Haldin var vinnustofa með ungmennaráði Suðurlands og ungmennaráði Árborgar þar sem ungmennaráðin fóru yfir umræðuefni sem við lögðum fyrir þau.

Sömu umræðuefni ásamt svörum frá vinnustofu voru send til allra 15 sveitarfélaganna á Suðurlandi og þau beðin um að koma þeim til sinna ungmennaráða – svör bárust frá 4 ungmennaráðum til viðbótar.

Svör bárust frá ungmennaráðum Grímsnes- og Grafningshrepps, Hveragerðisbæjar, Ölfuss, Hornafjarðar auk ungmennaráðs Árborgar og Suðurlands.

Umræðuefnin snéru bæði að menntun og búsetu þeirra til framtíðar á Suðurlandi, sjá næstu glæru.

Einnig hafa verið sendar út kannanir um viðhorf útskriftarnema í framhaldsskólum á Suðurlandi (FSu., ML, FAS, FV) um viðhorf þeirra til frekara náms, hvar þeir vilja stunda sitt nám og hverskonar námi þeir hafi hug á. Niðurstöður könnunarinnar frá vori 2022 voru teknar saman og eru hluti af niðurstöðum Menntahvatar.

Umræðuefni fyrir ungmennaráð

Menntun á Suðurlandi	Atvinna á Suðurlandi	Samfélag og innviðir
Námsframboð á framhaldsskólastigi	Störf í boði	Húsnæði – framboð og fjármögnun
Námsframboð á háskólastigi	Fyrirtæki – ný og starfandi. Hvernig fyrirtæki vilja þau sjá á Suðurlandi ?	Heilbrigðisþjónusta – sjúkrahús, heilsugæsla, sjúkrabílar, dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir fatlaða og aldraða
Fjarnám/nám án staðsetningar	Nýsköpun	
Starfsnám	Annað	Stjórnsýsla
Húsnæðismál nemenda		Samgöngur
Skólaakstur/strætó		Almenn þjónusta s.s. Verslanir, póstur, fjármálastofnanir
Annað		Menning
		Nýsköpun
		Annað

A collection of various geometric shapes including squares, hexagons, circles, and wavy lines in shades of green and blue, scattered across the upper left portion of the slide.

Menntun

MENNTA
HVÖT 



Námsframboð í framhaldsskólum :

Í boði verði að klára iðnnám í fleiri greinum s.s. hárgreiðslu, bifvélavirkjun, pípulögnum, rafeindavirkjun og matreiðslunámi
Bæta við grunnnámi í fleiri iðngreinum s.s. málara-, múrara- og bakaraiðn

Matreiðslunám (Framhaldsskólinn á Höfn)

Hægt verði að ljúka meistaranámi í völdum iðngreinum

Hluti meistaranáms sé án staðsetningar eða í fjarnámi

Menntun nuddara

Snyrtifræðinám

Bæta listabrautir – Listaakademía í FSu. (tónlist, leiklist, myndlist)

Opna listasmiðjur og stuðla að nokkuð frjálsu aðgengi nemenda

Auka kennslu í íþróttá- og heilsufræði í takt við akademíur

Auka nám í nýsköpun – virkja FABLab enn betur

Fleiri grunnáfanga sem kynna nám í verkfræði og aritekúr

Fleiri sálfræðiáfangar

Nám tengt landbúnaði, fiskeldi og sjávarútvegsfræði

Skipstjórnar- og vélstjóranám á Suðurlandi

Allskonar ferðaþjónustunám

Í framhaldsskólanum á Höfn er öflugt fjallamennskunám sem er að byggjast mjög vel upp samhliða allri ferðaþjónustu sem miðast við fjöll. Það þarf þó að gæta að því að hugað sé að öðrum brautum í FAS og bæta aðgengi að iðnnámi, listnámi og viðskiptanámi.

Námsframboð í framhaldsskólum :

Lífsleiknitímar markvissari og samræmdari milli skóla

Hvernig ferðu út í lífið - lífsleikni

Jafningja- og umhverfisfræðsla fyrir alla nemendur

Skólarnir verði einstaklingsmiðaðri og aðstoði nemendur til að þau geti stundað nám við sitt hæfi með góðu tengslaneti við aðra skóla.

Betri kynning á framhaldsskólum á Suðurlandi í grunnskólum. Kynna t.d. FÍV og FAS í Árnes- og Rangárvallasýslu


Meira samstarf milli framhaldsskólanna á svæðinu

Fræða nemendur frá 8. bekk um námsmöguleika í framhaldsskólum þannig að þau hafi meiri tíma til að ákveða sig.

Verklegar kynningar með einhvers konar prufuvikum fyrir nemendur grunnskóla til að prófa og fara í gegnum allskonar námspælingar

Fræðsla til framhaldsskólanema um hvaða nám er í boði eftir framhaldsskóla

SASS sé með heimavist á höfuðborgarsvæðinu fyrir framhaldsskólanemendur af Suðurlandi, til að auðvelda þeim að fara í nám á höfuðborgarsvæðinu.



Fjarnám/nám án staðsetningar í framhaldsskólum :

Framhaldsskólar noti tæknina til að vinna saman til að bjóða uppá fjölbreyttara nám í gegnum fjarkennslutækni.

Aðstoða nemendur í iðnnámi til að sækja tíma í gegnum fjarnám

Auka áherslur á fjarnám/nám án staðsetningar í framhaldsskólunum

Helstu bóklegu greinarnar í iðnnámi geti verið í fjarnámi eða námi án staðsetningar

Kvöldskóli/helgarlotur fyrir þá sem eiga lítið eftir af námi t.d. iðnnámi

Stúdentagarðar þannig að háskólanemar geti lært saman þó þeir séu í fjarnámi.

Námsaðstaða og heimavist þar sem hægt er að mæta í tíma þó þeir séu á höfuðborgarsvæðinu eða annars staðar á landinu.

Starfsnám :

Fyrirtæki á Suðurlandi verði opnari fyrir því að taka nema í starfsnám
Tryggja betur að nemendur komist örugglega í starfsnám í iðnnámi
Skólarnir beri meiri ábyrgð á starfsnámi nemenda
Mögulegar greiðslur til fyrirtækja sbr. framlag Vinnumálastofnunar vegna atvinnulausra

Bjóða upp á námskeið sem undirbúa ungt fólk fyrir ákveðin störf. Stutt kvöld- eða helgarnámskeið t.d. fyrir:

Leikskólastarfsmenn
Stuðningsfulltrúa
Almenna starfsmenn á sjúkrastofnunum, elliheimilum, hjúkrunarheimilum
Gjaldkera
Þjónustunámskeið, almennt
Framreiðsla/þjónusta á veitingastöðum
Ferðaþjónusta almennt
Húsvarðanámskeið
Störf í sjávarútvegi

Efla listnám með því að sveitarfélög hafi samvinnu um að nemendur komi að útlitshönnun viðburða
Vantar betra upplýsingaflæði um námskeið sem eru í boði
Það þarf að kynna Fræðslunet Suðurlands betur fyrir ungu fólki, þau þekktu það ekki
Skólar nýti sér starfskynningar úr nærumhverfi
Kynna möguleika FabLab betur fyrir ungu fólki
FabLab aðstaða á miðsvæði Suðurlands



Námsframboð á háskólastigi :

Vantar háskóla á Suðurlandi með öllu almennu háskólanámi

Dreifa háskólanámi með mismunandi námsframboð um Suðurland


Háskóli Íslands dreifi sínu háskólanámi meira um landið – verði háskóli allra landsmanna

Háskóli Íslands bjóði nám án staðsetningar og fjarnám í tengslum við landsbyggina

Aukið heilbrigðisnám



MENNTA
HVÖT



Námsframboð á háskólastigi :

Í könnun meðal framhaldsskóla kom fram að flestir nemendur hyggjast velja Háskóla Íslands
Næst á eftir kom Háskólinn á Akureyri og þar á eftir komu erlendir háskólar.

Nám sem nemendur nefndu að þeir vildu stunda á Suðurlandi og er ekki kennt á Íslandi var m.a. dýralækningar, kírópraktor, arkitektanám, innanhússhönnun, teiknimyndagerð o.fl.

Stærsti hluti nemenda (47%) vildi vera í blöndu af stað- og fjarnámi og 40% nemenda kjósa staðnám.

Annað námsframboð :

Nám tengt áhugasviði t.d. list, stærðfræði, tækni, tölvuleikjum og hlutverkaspilum (sbr. Dungeons and Dragons)
Aukið aðgengi að námi utan hins hefðbundna „menntavegar“ s.s. með því að sækja ýmiskonar námskeið sem eru með fjölbreyttum sniðum og aðferðum

Auka óhefðbundið námsframboð t.d. læra að setja saman tölvur, læra grunnskref í forritun, hvað felst í því að búa til tölvuleiki, tónlistarsköpun og þátttaka í spunaspilum

Mikilvægt að geta fengið að prófa sig áfram með fjölbreyttum aðferðum og eiga möguleika á því að stækka áhugamál sín og mögulegan frama úr þeim t.d. með hlaðvarpsgerð og þess háttar

Leggja áherslu á að auka aðgengi að námi sem gefur ungmennum tilgang og hjálpar þeim að þroskast sem einstaklingar



ATVINNA

MENNTA
HVÖT 

Menntun

Spurning: **Telur þú að fyrirtækið vanti núna starfsfólk með ákveðna menntun?** Ef þátttakandi svaraði því játandi fékk hann opna spurningu þar sem hann gat tilgreint hverskonar menntun að vild. Hér eru svörin við þeirri spurningu sett fram í orðaskýi.



MENNTA
HVÖT 

Atvinna á Suðurlandi :

- ✓ Fjölga störfum sem krefjast hærri menntunar
- ✓ Fjölga fyrirtækjum sem eru framarlega í nýsköpun
- ✓ Fleiri verkfræði og arkitektastofur
- ✓ Fjölga sálfræðingum
- ✓ Bæta aðstöðu í rýmum fyrir störf án staðsetningar
- ✓ Kynna vel aðstöðu fyrir fólk í störfum án staðsetningar
- ✓ Aukin rými og bætt aðstaða fyrir fólk í skapandi greinum
- ✓ Gefa ungu fólki tækifæri á vinnumarkaðinum
- ✓ Fyrirtæki og einyrkjar kynni betur starfsemi sína þannig að ungt fólk viti hvað er í boði í heimabyggð



Innviðir og samfélag

MENNTA
HVÖT 



Húsnæðismál nemenda

Vantar betra og stærra húsnæði fyrir heimavist FSu. Bið eftir að komast á heimavist

Heimavist til langframa fyrir nema í FSu. Núverandi húsnæði er tímabundið

Betri gæslu á heimavist FSu. (vistarstjóra) þar sem nemendur eru yfirleitt ekki orðnir lögráða
Auglýsa heimavistina í FSu. betur

Bæta heimavistaraðstöðu í framhaldsskólanum á Höfn, t.d. mætti hvetja hagaðila til að fjárfesta í
húsnæði sem væri notað í ferðapjónustu á þeim tíma sem ekki er þörf á heimavist.

Bæta einsleitt húsnæðisframboð á Höfn t.d. með því að bæta við stúdíó íbúðum til leigu eða smærri
íbúðum.

Nemendagarða (fyrir nema á háskólastigi) á Suðurlandi



Skólaakstur/strætó

Fleiri stoppustöðvar og strætóskýli

Of fáar ferðir á milli Selfoss, Eyrarbakka, Stokkseyrar, Hveragerðis og Þorlákshafnar

Of langt og tímafrekt að taka strætó t.d. frá Þorlákshöfn á Selfoss (fer í gegnum Hveragerði)

Koma aftur á beinum ferðum frá Þorlákshöfn á Selfoss

Bæta strætókerfið og fjölga ferðum. T.d. bara ein ferð um miðjan dag í uppsveitirnar

Enginn strætó sem nemar í Þorlákshöfn geta tekið í skóla á morgnanna ef þeir kjósa að fara í nám á höfuðborgarsvæðinu

Almennt um samfélag og innviði

Aukin heilbrigðisþjónusta

Vantar fleiri sérfræðinga fast á svæðið eða a.m.k. með reglulegar komur

HSu. tryggir fjölbreytt úrval sérfræðilækna

Sérfræðilæknameiðstöð setji upp útibú á Suðurlandi

Bæta heilbrigðisaðstöðu og þjónustu á minni stöðum, lækna í dreifðari byggðum stoppa stutt

Auka sálfræðiþjónustu

Fjölga tannlæknum á austurhluta svæðisins

Aukið umferðaröryggi með því að bæta vegi, snjómokstur og lýsingu á vegum

Stækka/fjölga leikskólum og grunnskólum

Háskólagarðar á Suðurland

Aukið viðburðahald á veturna

Menningarsalur

Vantar kvikmyndahús á Höfn

Aukið lóðaframboð

Aukið leiguhúsnaði

Nýsköpun í umhverfismálum

Betra upplýsingaflæði frá sveitarfélögum til ungs fólks

Sveitarfélög verði á undan íbúafjölguninni með leik- og grunnskóla og lóðaframboð

MENNTA
HVÖT 



Almennt um samfélag og innviði

Vantar afþreyingu (á Höfn) t.d.d fyrir listþenkjandi krakka.

Bæta listasmiðjum við vinnuskólana

Vinnustofur skólanna (trésmíða- og listastofur) séu opnar á sumrin fyrir áhugasama

Hvetja má fyrirtæki og einyrkja til að kynna starfsemi sína betur þannig að ungt fólk viti af möguleikunum í heimabyggð

Kynna frumkvöðlamenningu fyrir ungmennum